

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara**

114. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þriðjudaginn 18. apríl 2023. Fundurinn fór fram í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 13:45.

Fundinn sátu f.h. FG, Mjöll Matthíasdóttir (MM), Anna Guðrún Jóhannesdóttir (AGJ), Hreiðar Oddsson (HO). F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Framlenging á fylgiskjali 2 um styttingu vinnutíma skólaárið 2023 – 2024

Samningsaðilar eru sammála um að framlengja gildistíma á fylgiskjali 2 um styttingu vinnutíma fyrir félagsmenn í Félagi grunnskólakennara út skólaárið 2023 – 2024. Aðilar eru einnig sammála um að taka þátt í sameiginlegri vinnu stéttarfélaga og vinnuveitenda á opinberum vinnumarkaði með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi af betri vinnutíma. Samkvæmt verkáætlun sem mun fylgja næsta kjarasamningi aðila mun verða settur á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.

Framlengt fylgiskjal 2 hljóði svo:

FYLGISKJAL 2: STYTTING VINNUTÍMA

Samkomulag um útfærslu á styttingu vinnutíma sem gildir fyrir skólaárið 2022 til 2023 eða 1. ágúst 2022 til 31. júlí 2023. Samningsaðilar eru sammála um að framlengja innleiðingu á styttingu vinnutíma þannig að það gildi einnig fyrir skólaárið 2023 – 2024 eða til 31. júlí 2024 enda hafi ekki verið samið um annað í kjarasamningi aðila.

Samningsaðilar eru sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi kennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga um betri vinnutíma. Markmið breytinganna er að stuðla að umbótum í skólastarfi, bæta vinnustaðamenningu og auka samræmingu vinnu og einkalífs án þess að draga úr skilvirkni og gæðum í starfsemi skóla, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að bættum lífskjörum.

Heimilt er með sérstöku samkomulagi meirihluta kennara hvers skóla/vinnustaðar að stytta vinnutíma með því að aðlaga vinnutíma að þörfum skóla og kennara. Við gerð samkomulagsins skal taka mið af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur vinnustað sérstöðu. Samningsaðilar eru sammála um að vinnutími kennara styttest frá og með 1. ágúst 2022 til og með 31. júlí 2024 sem nemur 13 mínútum á dag miðað við 40 stunda vinnuviku að jafnaði yfir árið.

Sérstakur innleiðingarhópur samningsaðila, skipaður þremur fulltrúum frá FG og tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, verður starfræktur til 31. júlí 2024. Innleiðingarhópurinn hefur það hlutverk að útbúa leiðbeiningar og stuðningsefni Einnig mun innleiðingarhópurinn aðstoða kennara og skólastjóra við að ná fram gagnkvæmum ávinningi með breyttu skipulagi vinnutíma. Hópurinn fylgist jafnframt með innleiðingunni og því að útfærsla á breyttu skipulagi vinnutíma nái settum markmiðum.

Vinnustaðir sveitarfélaga hafa mjög ólík hlutverk, daglega starfsemi og ólíka samsetningu mannauðs. Fyrir vikið er mikilvægt að stytting vinnutíma sé útfærð í nærumhverfinu. Sveitarstjórn skal eiga frumkvæði að því að hefja undirbúning breytinganna og skipa sérstakan vinnutímahóp, einn eða fleiri, að fengnum tillögum kennara og í samræmi við leiðbeiningar innleiðingarhóps. Hópurinn þarf að endurspegla fjölbreytileika starfa og mismunandi aðstæður skóla/kennara.

Framkvæmd styttingar vinnutíma gæti miðast við eftirfarandi leiðir:

- a. Safnað upp innan ársins – 5,53 dagar
- b. Mánaðarleg stytting – 21,67 dagar x 13 mín. = 4,7 klst.
- c. Hver vika styttest – 5 dagar x 13 mín. = 65 mín.
- d. Hver dagur styttest um 13 mínútur
- e. Vinnutímastytting með öðrum hætti – t.d. blanda af leiðum

Mikilvægt er að framkvæmd styttingar sé á forsendum hvers skóla/vinnustaðar.

Þegar niðurstaða samtals um skipulag vinnutíma liggur fyrir skal vinnutímasamkomulag annars vegar borið undir atkvæði þeirra sem starfa hjá viðkomandi skóla/vinnustað og hins vegar skal það fá staðfestingu sveitarstjórnar/Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Senda skal afrit samkomulags til innleiðingarhóps.

Tilkynningu um árangurslaust samtal vegna útfærslu 13 mínútna styttingar vinnutíma skal senda til sveitarstjórnar og innleiðingarhóps. Sveitarstjórn veitir kennurum og stjórnendum skóla/vinnustaðar aðstoð við að ná fram gagnkvæmum ávinningi með breyttu skipulagi og útfærslu vinnutíma. Náist ekki niðurstaða í samtalið eftir aðstoð sveitastjórnar skal leita aðstoðar innleiðingarhóps.

Þegar endanlegt samkomulag liggur fyrir í sveitarfélagi sendir það heildaryfirlit vinnutímasamkomulaga skóla/vinnustaða til innleiðingarhóps.

Breyting á skipulagi vinnutíma á að öðru óbreyttu ekki að leiða til breytinga á launum eða launakostnaði sveitarfélaga. Jafnframt er forsenda breytinganna að starfsemi skóla/vinnustaðar raskist ekki og að skólastarf sé af sömu eða betri gæðum og áður.

Fyrir 31. júlí 2024 skulu aðilar kjarasamnings þessa leggja sameiginlegt mat á áhrif breytinganna og hvort núverandi framsetning á ákvæðum vinnutíma í kjarasamningi falli best að framtíðarskipulagi, starfsumhverfi sveitarfélaga/skóla og að fyrrgreindum markmiðum hafi verið náð.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 14:00